

Fundur 26.5.2025 Indversk kona, Pari, var uppi fyrir um 300 árum, frá Goa.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Tölum við úr stjörnusambandsstöð stórri og heilsum ykkur Íslendingar.

Og finnum við að merkilegt starf er unnið á ykkar litla landi og höfum við reynt að fylgjast með og margir eru þeir aðilar sem komu frá okkar landi og sem dreifst hafa á marga framlífs hnetti, en saga þeirra er ekki sú sama og þróunin stefnir í margskonar áttir.

Vorum við snemma komin á hina réttu braut fjölgyðins trúarbragðanna og höfum haldið okkur við þá, en þjóð okkar hefur farið víða á framlífs hnettina og ekki er það sjálfgefið að mannkynin og þjóðirnar og þjóðarbrotin taki upp vísindalega nálgun og skilning á framlífi, þótt komin sé á lífstefnubrautina hvað varðar kærleika og samstillingu lífs, efnis og náttúru.

En ekki hefði ég viljað missa af þeirri dýrmætu lífsreynslu sem ég hef fengið á ýmsum þeim framlífs hnöttum sem ég hef verið á, og er það merkileg saga á köflum og aðeins núna á þessum framlífs hnetti og þeim sem ég var á þar á undan, skyldist mér að framfarir þær sem við höfðum notið, höfðu galla í för með sér og mengun á umhverfinu, og höfum því reynt að ráða bót af því.

Og er það sú saga sem er saga lífs míns á þessum síðustu tveimur framlífs hnöttum, og eins og skiljanlegt er, þá eru fjölmargir ósammála fjöldanum og ekki alltaf auðvelt að fá fjöldan til að grípa til réttar aðgerða, og efaðist ég mjög um þetta lengi, og hef átt erfitt með að sannfærast um þessi atriði, en hef þó sérstaklega eitt lífi mínu í það að bæta fyrir það sem hef misgjört á öðrum framlífs jörðum í þessu efni á þessum hnetti.

Og dáist mjög að menningu forfeðra minna og formæðra minna og hef ég sótt fundina í síauknum mæli og hlustað á ræður spekinga og annara sem tilheyra minni þjóð og sem aldrei hafa sleppt tókunum á okkar fornu trú og lífsspeki þess efnis að heilög séu dýrin og heilagar séu jurtirnar og endurfæðing eigi sér stað í dýranna ríki.

En um langt skeið á nokkrum framlífs jörðum mínum, gerðist ég afhuga öllum slíkum trúar kenningum og iðrast ég þess og veit að það hefði verið betra að fylgja því, en einnig hef ég lært á mörgum framlífs hnöttum mínum að sál mannsins er annars eðlis en sál dýranna.

Og leitast er við að auka vitsmunina, en ekki minnka þá aftur, og eru því ýmsar kenningar trúarbragða okkar sem þurfa leiðréttingar við, en virðingin fyrir náttúrunni og dýrunum, er þó það sem upp á hefur skort hjá mér og mörgum á þeim framlífs jörðum sem ég hef verið á.

Þjuggum við í háreistum borgum og nutum nútíma tækni og höfðum við ráðið bug á ýmsum vandamálum, en spilltist náttúran, og höfðu ókennileg og óholl efni komist inn í líkama okkar og urðum við að snúa af þeirri braut og tók það marga mannsaldra og tók það þróunarferil á meira en einni framlífs jörð.

En nú höfum við dreifðari byggðirnar og sef og skóga nálægt húsum okkar og ekki eins margir á sama stað, og höfum við einnig tekið upp ferðamáta sem menga minna.

Hef ég mætt á fundi hjá þeim sem talað hafa frá framlífs hnöttum okkar þjóðar, þar sem stöðugt er haldið við hinar gömlu kenningar trúarbragða okkar um hringrás lífsins og endurfæðingu, og fann ég fyrir Gyðjum og Guðum á ný og tók trú á þau að nýju.

Og hefur það hjálpað mér persónulega og veitt mér betri heilsu og skynsemi að fara aftur út í náttúruna.

Hafði ég ekki hugmynd um Ísland fyrr en ég komst að því að hér eru hópar sem vilja stuðla að því að hjálpa framlífs hnöttunum á rétta braut og að það sé mikilvægt að gamla jörðin komist á rétta braut og bægt sé frá helstefnu ógnum sem geta haft slæmar afleiðingar fyrir marga og ykkur.

Indversk kona Pari.

*Velkomin.*

Já takk fyrir.

*Hvenær varst þú uppi ?*

Það eru meira en þrjú hundurð ár, frá Goa á Indlandi.

Ég ætla nú að kveðja ykkur og þakka fyrir verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæl.*